

Föstudaginn 2. október 1998.

Nr. 399/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Hafþóri Smára Sigmundssyni

(Pétur Örn Sverrisson hdl.)

Kærumál. Kærufrestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Eins og að framan greinir, var hinn kærði úrskurður kveðinn upp 25. september 1998, og var varnaraðili þá staddur á dómþingi. Kæra hans, sem send var í símbréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur, ber með sér að hafa borist þangað 29. september sl. Samkvæmt því er kæra of seint fram komin, sbr. 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Hafþóri Smára Sigmundssyni, kt. 191178-4679, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október nk. kl. 16.00.

Málavextir eru þeir, að sl. nótt var lögreglan kvödd að veitingastaðnum Amsterdam vegna líkamsárásar. Á vettvangi var Hörður Eggertsson, sem fluttur var á slysadeild, og reyndist hann hafa alvarlega höfuðáverka og bar þess merki skv. læknisvottorði að hafa fengið þungt höfuðhögg vinstra megin og líklega höfuðkúpubrot og blæðingu inn í höfuðkúpu. Í niðurlagi læknisvottorðsins segir, að Hörður hefði látist af áverkunum, hefði hann komið síðar undir læknishendur.

Hafþór Smári hefur greint svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið í miðborginni sl. nótt ásamt Guðmundi Þór Pálssyni og fleirum. Eftir orðahnippingar milli Harðar og Gunnars Ingvarssonar og síðan milli Harðar og Guðmundar Þórs hafi Hörður slegið Guðmund Þór, sem hafi þá ýtt við Herði, er við það hafi fallið aftur fyrir sig. Eftir þetta hafi Hafþór séð Guðmund Þór sparka einu sinni í Hörð liggjandi.

Guðmundur Þór Pálsson hefur borið hjá lögreglunni, að Hafþór Smári hafi sparkað að minnsta kosti einu sinni í Hörð, eftir að hann féll í jörðina.

Hafþór Smári neitar að hafa átt nokkurn hlut að máli, en vitni hafa greint svo frá, að Hafþór Smári og Guðmundur Þór hafi í sameiningu veist að Herði og veitt honum þá áverka, sem að framan greinir.

Verið er að rannsaka ætluð brot Hafþórs Smára Sigmundssonar gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en sök, er sönnuð þætti, getur varðað þungri fangelsisrefsingu.

Rannsókn málsins er á algjöru frumstigi, og er eftir að yfirheyra Hafþór Smára mun ýtarlegar svo og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til ofanritaðs þykir ljóst, að Hafþór Smári geti torvelað rannsókn málsins, gangi hann laus, og er því rétt að verða við fram kominni gæsluvarðhaldskröfu lögreglu með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt til kl. 16.00 föstudaginn 16. október nk.

Guðjón St. Marteinson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafþór Smári Sigmundsson, kt. 191178-4679, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október nk. kl. 16.00.